

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. ágúst 2022
Málsnúmer: 202207-0038
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu Dalvíkurlínu 2.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 27. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Landsnets á Dalvíkurlínu 2 ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 111/2021 eða ekki.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og veitir eftirfarandi umsögn:

Um er að ræða lagningu 66 kV jarðstrengs frá Rangárvöllum á Akureyri til Dalvíkur eða um 41 km langa vegalengd.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til sveitarfélaganna þriggja sem línan liggur um (Akureyri, Dalvíkurbyggð og Hörgársveit) um skipulagslýsingu vegna Dalvíkurlínu 2, þann 18. janúar 2022. Í þeirri umsögn kom fram að stofnunin teldi jákvætt að fyrirhugað væri að leggja jarðstreng frá Akureyri til Dalvíkur frekar en loftlínu og að strengurinn yrði lagður að mestu leyti í veglínu vegakerfis sveitarfélagana. Gerð var athugasemd við að næst Dalvík viki lega jarðstrengsins frá veglínu og færi yfir votlendi við Hálsá sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og einnig yfir lítt raskað svæði innan friðlands Svarfaðardals. Lagði stofnunin til að aðrir kostir yrðu skoðaðir innan þess svæðis til að lágmarka neikvæð áhrif á náttúrfar sem nýtur verndar.

Í þeirri framkvæmd sem er nú tilkynnt til Skipulagsstofnunar hefur orðið sú breyting þess efnis að áætluð lega jarðstrengsins er ekki lengur um votlendi næst Dalvík heldur fylgir strengurinn að öllu leyti veglínum á því svæði og í raun á allri legu strengsins nema næst Akureyri þar sem strengurinn mun á frekat stuttum vera lagður yfir gróðurlendi frá Hlíðarvegi í Kræklingahlíð að tengivirkinu við Rangárvelli. Það gróðurlendi er einkum graslendi og ræktarland sem mun raskast en er ekki metið með hátt verndargildi.

Í ljósi þessarar breytingar og að þar með sé áætlað að strengurinn liggi alltaf með vegstæðum þegar um viðkvæm náttúrusvæði er að ræða telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin sem aðalvalkosturinn felur í sér sé ekki þess eðlis að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

Þar að auki er í tilkynningunni fjallað gaumgæfilega um möguleg umhverfisáhrif og m.a. bornir saman ýmsir valkostir. Einnig er fjallað um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir áhrif vegna framkvæmdarinnar t.d. að tímasetja framkvæmdir utan viðkvæmra tíma fyrir lífríkis ss. varp fugla og göngu laxfiska.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

